

Um álagningu vanrækslugjalds þegar ökutæki eru á verkstæði o.fl.

Að gefnu tilefni skal vakin sérstök athygli á **að vanrækslugjald** skv. 67. gr. umferðar-laga nr. 50/1987 með síðari breytingum og 37. og 38. gr. reglugerðar nr. 8/2009 um skoðun ökutækja **leggst á skráða eigendur eða umráðamenn allra ökutækja sem eru skráð í umferð** í ökutækjaskrá að liðnum tveimur mánuðum frá lokum þess mánaðar sem þau skyldu færð til aðalskoðunar samkvæmt endastaf skráningarmerkis eða öðrum reglum sem um álagninguna gilda. Þetta gildir hvort heldur sem ökutækin eru biluð, **á verkstæði** eða ekki í notkun af öðrum ástæðum meðan þau eru skráð í umferð.


Til að afstýra álagningu vanrækslugjalds þegar svona stendur á má áður en frestur er liðinn, **leggja skráningarmerkí ökutækis inn til geymslu** hjá skoðunarstöð eða Samgöngustofu eða **skrá ökutækið tímabundið úr umferð** með því að senda Samgöngustofu beiðni þar um (skráning úr umferð með miða). Má gera það af vef Samgöngustofu, www.samgongustofa.is. Tekið skal fram að skráning úr umferð með miða felur ekki í sér niðurfellingu bifreiðagjalda og ábyrgðartryggingar líkt og þegar skráningarmerkí eru lögð inn.

Ef færa ber ökutæki **til endurskoðunar** eftir aðalskoðun er **heimilt að veita mánaðarfrest til viðbótar** áður útgefnum fresti, sé við aðalskoðun gerð athugasemd um atriði, sem ekki er unnt vegna skorts á varahlutum að bæta úr innan tilskilins frests, að því tilskildu að áður útgefinn frestur sé ekki útrunninn, en sækja þarf um slikan frest sérstaklega til embættisins. Má gera það rafrænt á netinu á slóðinni www.vanrækslugjald.is.

Vottorð, yfirlýsing eða önnur gögn **sem verkstæði gefa út hafa því ekki þýðingu** til að afstýra álagningu vanrækslugjalds né til að fá álagningu þess fellda niður eða frestað hafi ökutæki verið skráð í umferð þegar gjaldið var lagt á.

Þessu er hér með komið á framfæri.

Bolungarvík, 25. júlí 2013.



Til bifreiðaverkstæða á Íslandi og tengdra aðila.